

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027,
vatnsverndarsvæði Fannardals í Norðfirði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 26. júlí 2012 breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 sem samþykkt var í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 11. maí 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 13. júlí 2012.

Breytingin felst í því að grannsvæði og brunnsvæði vatnsverndar nær ekki eins langt inn eftir eyrum Norðfjarðarár og áður og brunnsvæði vatnsbólsins liggur allt utan Fannardalsár.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 26. júlí 2012.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Birna Björk Árnadóttir.